

Ár 1982, þriðjudaginn 12. janúar, var í málínu nr. 7/1981
kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ó U R :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 6. mars 1981, óskaði
fyrirsvarsmaður Golfklúbbs Vestmannaeyja eftir úrskurði Yfirlastei-
gnamatsnefndar um það, hvort skylt væri að svara fasteignaskatti
af golfskála félagsins. Umsögn hefur borist frá bæjarstjóra
Vestmannaeyja.

Að ósk nefndarinnar gerði kærandi frekari grein fyrir féluginu.
og afnotum af skálanum í bréfi, dags. 11. október 1981. Í bréfi
þessu segir meðal annars:

"Golfskálinn er eingöngu notaður vegna golfiðkunar, þ.e. til
fataskipta, sem afdrep, til verðlaunaafhendingar, stjórnar- og aðal-
funda og annað þess háttar, tilheyrandi íþróttinni og rekstri
klúbbssins. Veitingar, þ.e. öl, gos, brauðsneiðar o.p.h., eru á
boðstólum fyrir meðlimi yfir keppnistimabilið, seldar á kostnaðar-
verði, riflegu, sem er innkaupsverð varanna með söluskatti að teknu
tilliti til hugsanlegrar rýrnunar, sem er yfirleitt það mikil að
endar rétt ná saman, þó það undarlega hafi t.d. skeð 1980, að um
smáhagnað hafi verið að ræða. Meðalálagning reyndist 16,07%.
Aldrei er um útleigu á skálanum að ræða, enda er hann ekki nægi-
lega stór fyrir klúbbinn sjálfan, t.d. vantar geymslur fyrir golf-
tæki meðlima og er skálinn því sjaldnast í því ástandi, að hæfur
væri".


Samkvæmt lögum Golfklúbbs Vestmannaeyja er tilgangur félagsins
að glæða áhuga fyrir golfiþróttinni og iðka hana.


Umræddur skáli er úr timbri og tálinn byggður á árinu 1976.
Hann er 190 m^3 að stærð. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir
liggja um notkun skálans, verður að telja hann íþróttahús í skilningi
5. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. og 6. gr.
reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt.


Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja, verður ekki talið, að
skálinn hafi verið rekinn í ágóðaskýni. Af þessum ástæðum er hann
undanþeginn fasteignaskatti samkvæmt þeim ákvæðum laga og reglu-
gerðar; sem vitnað er til hér að framan.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Golfklúbbi Vestmannaeyja er óskyld að svara fasteignaskatti af
ofangreindum golfskála félagsins í Vestmannaeyjum.


Gaukur Jörundsson.


Pétur Stefánsson.


Guðmundur Magnússon.